



FJARÐABYGGÐ

# **Fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar árið 2018**

Samþykkt í bæjarstjórn

30. nóvember 2017

## Efnisyfirlit

<b>EFNISYFIRLIT .....</b>	<b>2</b>
<b>1.1. FJÁRHAGSÁÆTLUN 2018 .....</b>	<b>3</b>
<b>1.2. HELSTU NIÐURSTÖÐUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR FYRIR ÁRIÐ 2018 .....</b>	<b>6</b>
<b>1.3. FORSENDUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR FYRIR ÁRIÐ 2018.....</b>	<b>8</b>
<b>1.4. FJÁRFESTINGAÁÆTLUN 2018.....</b>	<b>11</b>
<b>1.5. SAMANDREGNAR NIÐURSTÖÐUR FJÁRHAGSÁÆTLUNAR 2018 .....</b>	<b>13</b>
<b>1.6. REKSTRARREIKNINGUR SAMSTÆÐU FJARÐABYGGÐAR 2018.....</b>	<b>15</b>
<b>1.7. EFNAHAGSREIKNINGUR SAMSTÆÐU FJARÐABYGGÐAR 2018.....</b>	<b>16</b>
<b>1.8. SJÓÐSSTREYMISYFIRLIT SAMSTÆÐU FJARÐABYGGÐAR 2018 .....</b>	<b>17</b>
<b>1.9. MÁLAFLOKKAYFIRLIT SAMSTÆÐU FJARÐABYGGÐAR 2018 .....</b>	<b>18</b>

## 1.1. Fjárhagsáætlun 2018

Tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2018 er hér með lögð fram til seinni umræðu í bæjarstjórn Fjarðabyggðar.

Að venju samanstendur tillagan af tölulegri umfjöllun um annars vegar A-hluta bæjarsjóðs og hins vegar samtekt á A- og B-hluta ásamt greinargerð. Í A-hluta eru aðalsjóður og eignasjóðir, en veitustofnanir í B-hluta, rafveita, hitaveita, vatnsveita og fráveita, auk hafnarsjóðs, félagslegra íbúða og sorpstöðvar.

Grunnmarkmið fjárhagsáætlunarinnar er að treysta rekstrargrundvöll sveitarfélagsins með hallalausum rekstri. Í megindráttum er unnið að því marki með tvenns konar hætti.

- Bæjarsjóður standi undir afborgunum lána ásamt öðrum skuldbindingum. Þetta markmið, að rekstur sveitarfélagsins standi undir sér, kallar á stöðugt eftirlit með því að jafnvægi sé á milli tekna og gjalda. Lækki tekjur þarf að tryggja að gjöld lækki á móti, svo að sveitarfélagið sé ekki rekið með tapi. Hallarekstur grefur undan rekstrargrundvelli til bæði skemmri og lengri tíma litið. Skv. niðurstöðum fjárhagsáætlunarinnar, nemur afgangur af heildarrekstri sveitarfélagsins í A- og B-hluta 432 millj.kr. Í A-hluta er rekstrarafgangur sem nemur 123 millj. kr.
- Lán eru ekki tekin fyrir rekstri eða reglubundnum afborgunum lána. Samhliða uppbyggingu álvers á árunum 2004 – 2008 og þeirri miklu atvinnuuppbyggingu sem þá átti sér stað, var ráðist í umtalsverðar fjárfestingar í innviðum sveitarfélagsins á skömmum tíma. Þær aðgerðir kölluðu á lántökur, sem var því aðeins stofnað til, að aukin atvinnustarfsemi gerði sveitarfélaginu kleift að standa undir auknum skuldbindingum. Þrátt fyrir efnahagshrunið árið 2008, hafa þessar áætlanir gengið eftir og er skuldsetning sveitarfélagsins nú innan lögbundinna viðmiðunarmarka, en það markmið náðist á árinu 2015, þremur árum fyrr en upphaflegar áætlanir gerðu ráð fyrir.

Lántökur vegna fjárfestinga eru eðlilegur hluti af starfsemi sveitarfélaga, standi rekstur á annað borð undir skuldbindingum. Hvað Fjarðabyggð snertir, er sveitarfélaginu á hinn bóginn skylt að vinna áfram að lækkun skuldaviðmiða, m.a. til þess að lækka vaxtagreiðslur og afborganir og hafa þannig aukið svigrúm til að auka þjónustu og byggja áfram upp innviði sveitarfélagsins. Það markmið næst í þessari fjárhagsáætlun.

Áætlað er að handbært fé frá rekstri verði um 1.172 millj. kr. til að standa straum af reglubundnum afborgunum lána upp á 500 millj. kr. og fjárfestingum fyrir 801. millj. kr. Á árinu 2018 er gert ráð fyrir lántöku að upphæð 240 millj. kr til að standa straum af nauðsynlegri uppbyggingu innviða, s.s. leikskólabyggingum, veitum og hafnarmannvirkjum.

Tekjuspá sveitarfélagsins fyrir árið 2018 er venju samkvæmt unnin af varúð. Tekjugrunnurinn er engu að síður sterkur; hvílir á stöðum öflugra fyrirtækja í sjávarútvegi, áframleiðslu og tengdri þjónustu.

Þjónustuiðnaður við útflutningsgreinarnar skiptir verulegu máli og er vaxandi þáttur í atvinnulífi sveitarfélagsins. Þau fyrirtæki, sem hér um ræðir hafa orðið til samhliða álversuppbyggingunni og munar mikið um starfsemi þeirra. Líkt og í fjárhagsáætlun fyrri ára, má einnig merkja aukinn kraft í almenntri þjónustu, s.s. ferðaþjónustu, veitinga- og gistihúsarekstri, verslun o.fl. Framboð í gistingu hefur verið að aukast og einnig í veitingaþjónustu og afþreyingu sem mun laða fleiri ferðamenn að og skjóta enn styrkari stoðum undir vöxt þessara þjónustugreina. Fleiri jákvæð teikn eru á lofti, s.s. áframhaldandi vinna við að laða að millilandaflug í gegnum Egilsstaðaflugvöll og viðkoma skemmtiferðaskipa í höfnum sveitarfélagsins og öðrum höfnum á Austurlandi. Allt styrkir þetta samfélagsþróun og rekstrargrundvöll sveitarfélagsins.

Hvað útgjaldahliðina varðar, verður aðhald mikið í rekstri sveitarfélagsins. Mikilvægt er til skemmri og lengri tíma litið, að dregið verði úr rekstrarumfangi sveitarfélagsins, án þess þó að það komi niður á þjónustu við íbúa. Skoða verður áfram hvernig ná megi fram hámarks hagræðingu í þjónustu, stuðla að hagræðingu ýmissa rekstrarþátta stofnana og einfalda stjórnun þeirra. Þessi vinna hefur verið í gangi á undanförunum árum, m.a. með utanaðkomandi ráðgjöf og samráði við íbúa sveitarfélagsins og hefur þegar skilaði af sér álitlegum tillögum og ábendingum, eins og rakið er í skýrslu KPMG, Fjarðabyggð til framtíðar. Mikilvægt er að þessi umfangsmikla og vandaða vinna nýtist áfram í rekstri sveitarfélagsins.

Fjárhagsáætlunin leggur áfram áherslu á velferð fjölskyldufólks í Fjarðabyggð. Fæðisgjaldskrá grunnskóla og gjaldskrá leikskóla og tónlistarskóla standast samanburð við önnur sveitarfélög, sbr. systkinaafslátt í leikskólum sem og milli frístundaheimila og leikskóla. Skólamáltíðir í grunnskólum og vistunargjald í leikskólum hækka ekki á milli ára. Systkinaafsláttur leikskólagjalda er óbreyttur og er, ásamt tónlistarskólajöldum, með því hagstæðasta sem gerist á landinu. Einnig er stefnt að því að styrkja starf leik- og grunnskóla á árinu 2018, sbr. áframhaldandi áttak í læsi, stærðfræði og raungreinum, svo að fátt eitt sé nefnt.

Í umhverfismálum verður áfram unnið að deiliskipulagi hverfa og svæða, eins og nánar er fjallað um í starfsáætlun. Mikilvægt er að sá aukni metnaður og áþreifanlegi árangur haldist, sem náðst hefur í fegrun bæjarkjarna. Sorpflokkun og endurvinnsla skipar sífellt stærri sess í rekstri sveitarfélagsins. Það er markmið sveitarfélagsins að lækka kostnað íbúa vegna sorphirðu samhliða aukinni endurvinnslu og minni úrgangsurðun. Áfram verður því áhersla á umhverfismál í þágu samfélagsins og náttúrunnar.

Framkvæmdir verða töluverðar á árinu 2018 líkt og undanfarin ár. Unnið verður áfram að ofanflóðavörnum á Eskifirði og undirbúningur er í gangi varðandi áframhaldandi uppbyggingu ofanflóðavarna í Neskaupstað. Þá verður hafin gerð viðbyggingar við leikskólann Lyngholt, ásamt framhaldandi uppbyggingu gatna s.s. við Skólavegin á Fáskrúðsfirði. Þá verða framkvæmdir áfram töluverðar á vegum Fjarðabyggðarhafna. Heildarfjármagn til framkvæmda á árinu 2018 er áætlað 801 m.kr.

Mikið aðhald hefur verið viðhaft í rekstri sveitarfélagsins á síðustu árum og dregið úr ýmsum rekstrarþáttum. Lögð hefur verið áhersla á að standa vörð um lögbundna þjónustu sveitarfélagsins með sérstaka áherslu á fræðslu-, uppeldis- og æskulýðsmál.

Við gerð fjárhagsáætlunar 2018 munu flestar gjaldskrár hækka í samræmi við áætlaða verðlagsþróun.

Eins og komið hefur í ljós, draga sterkir innviðir sveitarfélagsins að sér áhuga fjárfesta. Hefur þessi áhugi einkum beinst að atvinnuuppbyggingu í hafnsækinni starfsemi, s.s. vegna olíuleitar á Drekasvæðinu. Þá er áfram áhugi fyrir laxeldi í fjörðum Fjarðabyggðar. Slíkur áhugi sýnir sterka stöðu sveitarfélagsins til framtíðar litið, sem endurspeglast í þeirri fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram.

Eins og áður segir, verður mikið aðhald í rekstri sveitarfélagsins á næstu árum og áfram verður hagræðingartækifæra leitað. Sú fjárhagsáætlun, sem hér er lögð fram, er unnin með hliðsjón af fjármálareglum og fjárhagslegum viðmiðum sveitarfélaga skv. sveitarstjórnarlög nr. 138/2011.

Skal nú vikið að helstu niðurstöðum fjárhagsáætlunar 2018.

## 1.2. Helstu niðurstöður fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018

Heildartekjur samstæðu A og B hluta eru áætlaðar 6.686 m.kr. á árinu 2018 en heildarkostnaður 5.863 m.kr. Þar af eru launaliðir 3.395 m.kr., annar rekstrarkostnaður 1.973 m.kr. og afskriftir 494 m.kr. Heildartekjur í A-hluta eru áætlaðar 5.243 m.kr. en heildarkostnaður 4.826 m.kr. Þar af eru launaliðir 3.109 m.kr., annar rekstrarkostnaður 1.476 m.kr. og afskriftir 240 m.kr.

Rekstrarafgangur samstæðu A og B hluta fyrir fjármagnsliði er áætlaður 842 m.kr. Þar af er rekstrarafgangur A hluta 425 m.kr. Að teknu tilliti til fjármagnsliða verður rekstrarafgangur samstæðunnar 432 m.kr. en í A hluta að fjárhæð 123 m.kr. Hrein fjármagnsgjöld samstæðu eru áætluðuð 390 m.kr. og 298 m.kr. hjá A-hluta.

Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar 9.207 m.kr. í árslok 2018 hjá samstæðu A og B hluta og 8.502 m.kr. hjá A hluta. Þar af eru reiknaðar lífeyrisskuldbindingar 2.426 m.kr. hjá samstæðu og 2.266 m.kr. hjá A-hluta. Á meðal langtímaskulda í efnahagsreikningi eru skuldir við lánastofnanir 5.398 m.kr. og reiknaðar leiguskuldir 62 m.kr. hjá samstæðu. Hjá A hluta eru skuldir við lánastofnanir á meðal langtímaskulda að fjárhæð 3.723 m.kr. og reiknaðar leiguskuldir að fjárhæð 58 m.kr.

Í 64 gr. nýrra sveitarstjórnarlaga, er tóku gildi 1. janúar 2012, er kveðið á um að skuldaviðmið A og B hluta sé ekki hærra en sem nemur 150% af reglubundnum tekjum Fjarðabyggðar. Gefinn var 10 ára aðlögunartími til að ná hlutfallinu eða til ársins 2022 en Fjarðabyggð uppfyllti ekki þetta skilyrði laganna á þeim tímapunkti. Miðað við skilgreiningu á skuldaviðmiði, samkvæmt útgefinni reglugerð, var framangreindu skuldaviðmiði náð í árslok 2015 hjá samstæðunni en viðmiðið var þá um 141%. Í árslok ársins 2018 er skuldaviðmið samstæðu Fjarðabyggðar áætlað um 120%. Miðað við langtímaáætlun bæjarstjórnar fyrir árin 2013-2023, var gert ráð fyrir að sveitarfélagið myndi ná viðmiðunarhlutfallinu, 150%, í árslok 2018.

Í fjárhagsáætlunarferlinu hefur verið lögð áhersla á að horfa á sjóðstreymi í A hluta með það að markmiði að handbært fé standi undir greiðslum af lánum og framkvæmdum. Það markmið næst ekki á árinu 2018 vegna mikilla fjárfestinga og það sama á við um samstæðuna í heild.

Eigið fé samstæðunnar er áætlað 4.343 m.kr. í árslok 2018 og eiginfjárhlutfall 32%. Í A hluta er eigið fé einnig áætlað jákvætt eða um 309 m.kr. í árslok 2018.

Í sjóðstreymisyfirliti er handbært fé frá rekstri í samstæðu 2018 áætlað 1.172 m.kr., afborganir langtímalána eru áætlaðar 500 m.kr. og fjárfestingar 794 m.kr. Hækkun á handbæru fé á árinu er áætluð um 132 m.kr. Handbært fé frá rekstri í A hluta nemur 551 m.kr. og greiðslur B hluta til A hluta af langtímakröfum eru um 17 m.kr.

Afborganir langtímalána eru áætlaðar 337 m.kr. í A hluta. Áætlað er að taka lán að upphæð 240 m.kr. á árinu vegna afborgana lána, framkvæmda Eignarsjóðs, fjármögnunar á viðskiptastöðu við B hluta fyrirtæki umfram handbært fé frá rekstri A hluta og til að tryggja

sjóðsstöðu Fjarðabyggðar. Handbært fé í árslok 2018 er áætlað 238 m.kr. með fyrrgreindri lántöku.

Samkvæmt fjárhagsáætlun er framlegðarhlutfall (EBIDTA) 20% í samstæðu og 12% í A hluta.

Heildarfjárfesting á árinu 2018 er áætluð samtals 794 m.kr. nettó, þar af 234 m.kr. í A hluta. Ráðgert er að verja 356 m.kr. í fjárfestingar hafnarmannvirkja, 234 m.kr. í fjárfestingar A hluta og 204 m.kr. í verkefni annarra B hluta stofnana. Ráðgert er að selja íbúðir úr félagslega kerfinu fyrir 7 m.kr.

Til viðhaldsverkefna á fasteignum Fjarðabyggðar og leiguíbúðum er gert ráð fyrir að verja um 136 m.kr.

### 1.3. Forsendur fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018

Hér er fjallað um helstu forsendur sem lagðar eru til grundvallar við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2018.

#### **Skatttekjur:**

Skatttekjur samanstanda af útsvari, fasteignasköttum og lóðarleigu. Fjárhagsáætlun 2018 gerir ráð fyrir að heildarskatttekjur nemi 3.587 m.kr. samanborið við 3.425 m.kr. í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017. Breytingin á milli ára nemur 4,7% og skýrist hún af hækkun útsvarstekna, fasteignaskatts og lóðarleigu.

#### *Útsvar:*

Útsvarshlutfall breytist ekki á milli ára og verður 14,52%. Útsvarsheimildir eru áfram fullnýttar til að standa undir rekstri og afborgunum lána í A hluta.

Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur hækki um 6% frá áætlun ársins 2016 og verði 2.844 m.kr. á árinu 2018 samanborið við 2.703 m.kr. í áætlun ársins 2017. Fjarðabyggð er stærsta löndunarhöfn á uppsjávarfiski, sveiflur í veiðum, sölu eða verðum hafa því mikil áhrif á fjárhag Fjarðabyggðar. Gert er ráð fyrir að aðrar veiðiheimildir í uppsjávarfiski haldist í heild lítt breyttar milli ára. Mat á spá fyrir hafnargjöld og útsvarstekjur er varfærin og breytingin frá væntri útkomu ársins 2017 því lítil fyrir utan almenna launapróun.

Nú hafa verið gerðir kjarasamningar út árið 2018 við allar starfsstéttir Fjarðabyggðar nema grunn- og tónskólakennara og BHM félag. Áætlunin byggir á núverandi kjarasamningum og nálgun á væntingum um aðra samninga.

Samkvæmt samkomulagi um breytingu á lífeyrisréttindum opinberra starfsmanna liggur fyrir að endurmeta þarf skuldbindingar sveitarfélaga gagnvart Brú, lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga og LSR, lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins, niðurstaða í þessu endurmati hefur dregist og er væntanleg í desember 2017. Bráðabrigðauppgjör á þessum lífeyrisskuldbindingum liggur fyrir hefur það verið tekið inn í þessa fjárhagsáætlun.

Ekki er reiknað með eftiráálagningu útsvars vegna ársins 2017 í útsvarstekjum ársins 2018. Eftiráálagning nam um 55 m.kr. á árinu 2017.

#### *Fasteignaskattar og lóðarleiga:*

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að álagningarhlutföll fasteignaskatts og lóðarleigu á íbúðarhúsnaði og atvinnuhúsnaði verði óbreytt á árinu 2018 frá árinu 2017.

Við áætlun fasteignaskatts og lóðarleigu er byggt á útgefnu fasteigna- og lóðarmati frá Þjóðskrá Íslands sem gildir fyrir árið 2018. Samkvæmt útgefnu mati hækkar matsstofn íbúðarhúsnaðis um 6,6%, en matsstofn lóðarleigu um 6,3% og matsstofn atvinnuhúsnaðis um 6,7%. Gert er ráð fyrir óbreyttum álagningarhlutföllum á árinu 2018:

- álagningarhlutfall fasteignaskatts á íbúðarhúsnaði verði óbreytt eða 0,50%.



- álagningarhlutfall fasteignaskatts á atvinnuhúsnæði verði óbreytt eða 1,65%.
- álagningarhlutfall fasteignaskatts á opinbert húsnæði verður óbreytt eða 1,32%
- álagningarhlutfall lóðarleiga íbúðarhúsnæðis verði óbreytt eða 0,70%.
- álagningarhlutfall lóðarleigu atvinnuhúsnæðis verði óbreytt eða 3%.

Breyting á matsstofni mun auka fasteignaskattstekjur sem nemur 11 m.kr. á íbúðarhúsnæði og 13 m.kr. á atvinnuhúsnæði. Á sama hátt mun lóðarleiga vegna íbúðarhúsnæðis hækka um 1,5 m.kr. og 2,7 m.kr. vegna atvinnuhúsnæðis. Áætlað er að um 6 m.kr. verði veittar í afslátt til elli- og örorkuþega af fasteignaskatti á árinu 2018 og miðað við sömu meginforsendur afsláttar og áður. Hækkun fasteignaskatta frá álveri er áætluð um 7 m.kr. á milli ára sem skýrist af breytingum á byggingarvísitölu.

#### *Jöfnunarsjóður sveitarfélaga:*

Gert er ráð fyrir að framlög frá jöfnunarsjóði verði í samræmi við útgefnar áætlanir sjóðsins á árinu 2018 og nemi samtals 863 m.kr. á árinu. Áætlað er að tekjur Fjarðabyggðar frá Jöfnunarsjóði vaxi verulega á milli ára eða um 222 m.kr. Tekjur jöfnunarsjóðs grundvallast á eftirfarandi fjórum tekjustofnum sem síðan er deilt út til sveitarfélaga:

- Framlag úr ríkissjóði sem nemur 2,12% af innheimtum skatttekjum ríkissjóðs.
- Árlegt framlag úr ríkissjóði sem nemur 0,264% af álagningarstofni útsvars vegna næstliðins tekjuárs.
- Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga sem nemur 0,77% af álagningarstofni útsvars hvert ár. (tilkomið vegna yfirfærslu grunnskólans)
- Hlutdeild í útsvarstekjum sveitarfélaga sem nemur 0,99% af álagningarstofni útsvars hvert ár. (tilkomið vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðra)
- Vaxtatekjur.

#### **Aðrar fasteignatengdar tekjur:**

##### *Vatnsgjald:*

Vatnsgjald lækkar milli ára úr 0,28% í 0,257% af fasteignamatsstofni, en fráveitugjald hækkar að sama skapi. Tekjur af vatnsgjaldi eru áætlaðar 113 m.kr. og lækka um 2,7 m.kr. í krónum talið. Lækkun gjalds skýrist af minni fjárfestingu á árinu 2018, en ráð var áður fyrir gert.

##### *Fráveitugjald:*

Fráveitugjald hækkar milli ára úr 0,32% í 0,343% af fasteignamatsstofni en vatnsgjald lækkar að sama skapi. Tekjur af fráveitugjaldi er áætlað 149 m.kr. og hækka um 18 m.kr. í krónum talið. Hækkun gjalds skýrist af meiri fjárfestingu á árinu 2018, en ráð var áður fyrir gert.

##### *Sorphreinsunar- og sorpförgunargjöld:*

Áætlað er að sorphreinsunar- og sorpförgunargjöld hækki um 2,7% á árinu 2018. Gjaldið fyrir sorphreinsun verður 28.828 kr. og 13.682 kr. fyrir úrgangsförgun. Útreiknuð hækkun tekna er áætluð um 2,5 m.kr. vegna þessa.

## **Gjaldskrár**

Útgefið viðmið vegna gjaldskráa á árinu 2018 er áætluð verðlagsþróun ársins að teknu tilliti til verðlagsþróunar og breytingu gjaldskráa á liðnu ári eða 2,7%. Umrædd hækkun var gefin út sem viðmið en misjafnt er hversu miklar breytingar eru á einstökum gjaldskráum. Það er markmið sveitarfélagsins að standast samanburð við önnur sveitarfélög þegar kemur að gjaldskráum í þjónustu sveitarfélagsins. Skólamáltíðir í grunnskólum og vistunargjald í leikskólum hækka ekki á milli ára.

Þá eru nokkrar gjaldskrár sveitarfélagsins tengdar byggingavísitölu.

## **Laun og launatengd gjöld:**

Launaáætlun ársins 2018 byggist á áætlunum stjórnenda einstakra sviða og stofnana um fjölda starfsmanna, starfshlutföll og fjölda yfirvinnutíma. Við útreikning launa er miðað við gildandi kjara- og ráðningarsamninga en metin kostnaðaráhrif á aðra samninga. Laun og launatengd gjöld eru áætluð um 3.396 m.kr. hjá samstæðu A og B hluta á árinu 2018. Þar af eru 196 m.kr. vegna reiknaðrar hækkunar lífeyrisskuldbindinga. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2017 eru laun og launatengd gjöld áætluð með viðaukum ársins samtals 3.290 m.kr. og þar af er reiknuð hækkun lífeyrisskuldbindinga og framlag vegna uppgjörs lífeyrisskuldbindinga við Brú lífeyrissjóð samtals 301 m.kr.

## **Almennir rekstrarliðir:**

Áætlað er að annar rekstrarkostnaður fyrir samstæðu A og B hluta, utan afskrifta, nemi samtals 1.973 m.kr. á árinu 2018 og hækki um 2 m.kr. frá áætlun 2017. Gert er ráð fyrir að veitt verði áfram framlag úr A hluta til félagslegra íbúða, úr málaflokki 02 (Félagsþjónusta), að fjárhæð 38 m.kr. vegna fjárvöntunar í rekstri félagslegs húsnæðis.

## **Afskriftir:**

Afskriftir fastafjármuna nema samtals 494 m.kr. í áætlun ársins 2018 og hækka um 51 m.kr. á milli ára. Afskriftir í A hluta eru áætlaðar 240 m.kr.

## **Fjármagnsliðir:**

Vaxtakostnaður í áætlun ársins 2018 miðast við núverandi vaxtakjör. Verðbólga er áætluð 2,9% á milli áranna 2017 og 2018 í samræmi við þjóðhagsþá Hagstofu Íslands 2017. Fjarðabyggð skuldar ekki lengur lán sem eru tengd erlendum gjaldmiðlum. Langtímalán innan samstæðu, þ.e. á milli A og B hluta, eru verðtryggð vaxtaberandi lán. Þá eru allir viðskiptareikningar í samstæðu vaxtareiknaðir.

## 1.4. Fjárfestingaáætlun 2018

Áætlaðar fjárfestingar á árinu 2018 nema samtals 794 m.kr. brúttó en 787 m.kr. nettó í A hluta og B hluta og greinast með neðangreindum hætti:

- a) Eignasjóður. Helstu verkefni á árinu verða stækkun leikskólans Lyngholts, endurnýjun Skólamiðstöðvarinnar á Fáskrúðsfirði, klæðning og lagfæring á Nesskóla, geymsluhúsnæði í Oddskarði, gatnaframkvæmdir, ofanflóðavarnir í Neskaupstað og á Eskifirði. Einnig eðlileg endurnýjun á tækjakosti Fjarðabyggðar.
- b) Hafnarsjóður. Stærstu verkefni hjá hafnarsjóði eru í Mjóeyrarhöfn, Eskifjarðarhöfn, Norðfjarðarhöfn og Fáskrúðsfjarðarhöfn, auk fleiri verkefna m.a. við grjótvarnir.
- c) Hitaveita Fjarðabyggðar. Meginverkefni hitaveitu verður borun holu til niðurdælingar auk endurbóta við fjarvarmaveitur.
- d) Rafveita Reyðarfjarðar. Helstu verkefni hennar eru hringtenging á háspennukerfi, búnaður til fjargæslu auk annarra verkefna.
- e) Fráveita. Helstu verkefni hennar eru áætluð við endurnýjun fráveitulagna í Skólavegi á Fáskrúðsfirði, gerð safnræsa og dælustöðva, auk nýrrar útrásar á Reyðarfirði.
- f) Vatnsveita. Helstu verkefni hennar verða við endurnýjun á vatnslögnum í Skólavegi á Fáskrúðsfirði, verkefni við vatnsból og smærri verkefni.
- g) Sorpmiðstöð. Helsta verkefni miðstöðvarinnar verður við uppbyggingu móttökustöðva.
- h) Félagslegar íbúðir. Endurnýjað verður þak á Réttarholti á Reyðarfirði, auk sölu á 1 – 2 íbúðum.

Á árinu er stefnt að því að selja eftirtaldar eignir:

- a) Bleiksárhlið 56 Eskifirði sem áður hýsti hjúkrunar- og dvalarheimilið Hulduhlið en Fjarðabyggð á tæplega helmingshlut hússins á móti ríkissjóði.
- b) Kirkjumel á Norðfirði sem áður hýsti hluta af starfsemi leikskólans Sólvalla en var áður félagsheimili og grunnskóli. Ríkissjóður á hlut í húsnæðinu.
- c) 1- 2 íbúðir úr málaflokki 57 um félagslegt íbúðarhúsnæði.

Söluverðmæti þessara eigna er óvíst utan íbúða í málaflokki 57 og er ekki gert ráð fyrir neinum fjárhagslegum áhrifum af þessari eignasölu að öðru leyti.

Fjárfestingaáætlun ársins 2018	í þús kr.
<b>Eignasjóður</b>	
Stækkun leikskólans Lyngholts	107.500
Skólamiðstöð Fáskrúðsfirði	35.200
Nesskóli klæðning	35.000
Vélageymsla skíðasvæði	15.000
Hlutur í snjóflóðavörnum Eskifirði	3.000
Hlutur í snjóflóðavörnum í Neskaupstað	2.000
Gatnagerð - nýframkvæmdir	55.000
Tekjur af gatnagerðargjöldum	-30.000
Tækjamiðstöð til tækjakaupa	11.000
<b>Samtals A - hluti Eignasjóður</b>	<b>233.700</b>
<b>Fjárfestingar hjá B - hluta stofnana</b>	
<b>Hítaveita Fjarðabyggðar:</b>	
Niðurdæling	29.000
Fjarvarmaveita	10.000
Annað	5.000
<b>Samtals Hítaveita Fjarðabyggðar</b>	<b>44.000</b>
<b>Rafveita Reyðarfjarðar:</b>	
Háspenna hringtenging	9.000
Fjargæsla	5.000
Spennar	1.800
Rofabúnaður lágspenna	2.100
<b>Samtals Rafveita Reyðarfjarðar</b>	<b>17.900</b>
<b>Fráveita:</b>	
Fráveitulagnir - endurnýjun	25.000
Safnræsi/dælustöðvar	25.000
Útrás á Reyðarfirði	21.500
<b>Samtals Fráveita</b>	<b>71.500</b>

Fjárfestingarí B hluta framhald.	í þús kr.
<b>Vatnsveita:</b>	
Vatnslagnir - endurnýjun	18.000
Vatnsból	5.000
Annað	10.000
<b>Samtals Vatnsveita</b>	<b>33.000</b>
<b>Félagslegar íbúðir</b>	
Endurbætur	40.000
Seldar íbúðir	-7.000
<b>Samtals Félagslegar íbúðir</b>	<b>33.000</b>
<b>Sorpmiðstöð Fjarðabyggðar:</b>	
Rampar	5.000
<b>Samtals Sorpmiðstöð Fjarðabyggðar</b>	<b>5.000</b>
<b>Samtals fjárfestingar annarra stofnana</b>	<b>204.400</b>

Fjárfestingar hafnarsjóðs	í þús kr.
<b>Hafnarsjóður Fjarðabyggðar:</b>	
Grótvörn og ófyrirséð	40.000
Neskaupstaðarhöfn	74.000
Eskifjarðarhöfn	85.000
Mjóeyrarhöfn	130.000
Fáskrúðsfjarðarhöfn	22.000
Stöðvarfjarðarhöfn	5.000
<b>Samtals Hafnarsjóður Fjarðabyggðar</b>	<b>356.000</b>

<b>Samtals fjárfestingar í B - hluta</b>	<b>560.400</b>
--	----------------

<b>Samtals fjárfestingar í A og B - hluta</b>	<b>794.100</b>
---	----------------

Nánar er fjallað um fjárfestingar í starfsáætlunum einstakra sviða fjárhagsáætlunarinnar.

## 1.5. Samandregnar niðurstöður fjárhagsáætlunar 2018

Á næstu blaðsíðu getur að líta töflu sem lýsir helstu afkomutölum og efnahagsstærðum í fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar fyrir árið 2018, fyrir A hluta og samstæðu, í samanburði við ársreikning ársins 2016 og vænta útkomuspá fyrir árið 2017.

Áætluð lántaka á árinu 2018 er til að fjármagna afborganir af langtímalánum og miklar fjárfestingar. Miklar afborganir af langtímalánum skýra að mestu að veltufjárhlutfall Fjarðabyggðar er áætlað um 0,6 í árslok 2018.

Áætlað er að skuldaviðmið Fjarðabyggðar verði 120% í árslok 2018 fyrir samstæðu en 140% fyrir A hluta einan og sér, eins og sjá má í töflu hér að neðan. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 skal skuldaviðmið fyrir A+B hluta ekki vera hærra en 150% af reglulegum tekjum. Fjarðabyggð gerði í samráði við eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2012 áætlun um að þessu markmiði um skuldaviðmið A og B hluta yrði náð á árinu 2018. Annað skilyrði sveitarstjórnarlaga er að samanlögð heildarútgjöld séu á hverju þriggja ára tímabili ekki hærri en samanlagðar reglulegar tekjur. Því viðmiði hefur Fjarðabyggð náð og mun halda.

	2016	2017*	2018*
Skuldahlutfall A+B hluta	143,3%	147,4%	137,7%
Skuldahlutfall A hluta	180,4%	173,6%	162,1%
Skuldaviðmið A+B hluta	128,4%	128,8%	120,3%
Skuldaviðmið A hluta	160,8%	150,0%	140,1%
Hámark skuldaviðmiðs	150,0%	150,0%	150,0%

\* Samkvæmt áætlun

## Fjárhagsáætlun Fjarðabyggðar, kennitölur, afkoma og efnahagsstærðir

A hluti:	Ársreikn. 2016	Útgönguspá 2017 SU	Áætlun 2018 SU
Heildartekjur.....	4.653.936	4.878.029	5.243.843
Afkoma fyrir fjármagnsliði.....	139.936	158.882	434.563
Rekstrarniðurstaða .....	( 65.164 )	( 92.565 )	123.205
Handbært fé í árslok.....	372.858	105.651	238.102
Eigið fé.....	278.830	186.265	309.469
Skuldir og skuldbindingar.....	8.397.906	8.470.689	8.502.267
Handbært fé frá rekstri.....	548.766	282.164	551.179
Fjárfestingar.....	( 543.472 )	( 256.000 )	( 233.700 )
Langtímakr. á eigin fyrirtæki, breyt.....	33.710	221.243	16.833
Afborganir langtímalána.....	( 973.731 )	( 373.721 )	( 337.371 )
Tekin ný langtímalán.....	11.609	720.204	240.000
Breyting á handbæru fé (lækkun).....	( 215.184 )	( 267.207 )	132.452
Framlegð sem hlutfall af tekjum.....	7,7%	7,9%	12,9%
Veltufé frá rekstri sem hl. af tekjum.....	10,4%	7,2%	11,9%
Veltufé frá rek./afb. lána og skuldb.....	0,5	0,9	1,9
Ný lántaka sem hlutfall af skuldum.....	0,1%	8,5%	2,8%
Fjárfestingar sem hlutf. af skuldum.....	6,5%	3,0%	2,7%
Endurgreiðslutími skulda.....	9	23	25
Veltufjárlutfall.....	0,3	0,2	0,3
<b>A + B hluti:</b>	<b>Ársreikn. 2016</b>	<b>Útgönguspá 2017 SU</b>	<b>Áætlun 2018 SU</b>
Heildartekjur.....	6.209.486	6.252.938	6.682.810
Afkoma fyrir fjármagnsliði.....	630.703	547.449	841.851
Rekstrarniðurstaða .....	378.217	221.960	432.108
Handbært fé í árslok.....	375.425	105.650	238.102
Eigið fé.....	3.724.610	3.910.631	4.342.739
Skuldir og skuldbindingar.....	8.896.728	9.217.261	9.207.410
Handbært fé frá rekstri.....	1.270.346	847.479	1.172.340
Fjárfestingar .....	( 908.130 )	( 839.500 )	( 794.100 )
Langtímakröfur breyting.....	11.416		
Afborganir langtímalána.....	( 1.250.595 )	( 538.472 )	( 500.225 )
Tekin ný langtímalán.....	11.609	1.323.204	240.000
Breyting á handbæru fé (lækkun).....	( 214.986 )	( 269.775 )	132.452
Framlegð sem hlutfall af tekjum.....	17,2%	15,9%	20,0%
Veltufé frá rekstri sem hl. af tekjum.....	20,5%	14,8%	18,8%
Veltufé frá rek./afb. lána og skuldb.....	1,0	1,7	2,5
Ný lántaka sem hlutfall af skuldum.....	0,1%	14,4%	2,6%
Fjárfestingar sem hlutf. af skuldum.....	10,2%	9,1%	8,6%
Endurgreiðslutími skulda.....	7	17	18
Veltufjárlutfall.....	0,5	0,6	0,6

## 1.6. Rekstrarreikningur samstæðu Fjarðabyggðar 2018

Samstæðuyfirlit Fjarðabyggðar						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017 SU	Áætlun 2018 SU	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017 SU	Áætlun 2018 SU
<b>Rekstrarreikningur</b>						
<b>Tekjur:</b>						
Skatttekjur.....	3.278.672	3.440.313	3.601.547	3.263.444	3.425.065	3.587.119
Framlög jöfnunarsjóðs.....	590.207	660.920	863.447	590.207	660.920	863.447
Aðrar tekjur.....	785.057	776.796	781.669	2.355.835	2.166.953	2.235.064
	4.653.936	4.878.029	5.243.843	6.209.486	6.252.938	6.682.810
<b>Gjöld:</b>						
Laun og launatengd gjöld.....	2.884.201	3.029.210	3.108.562	3.137.613	3.289.894	3.395.562
Annar rekstrarkostnaður.....	1.411.636	1.462.074	1.476.260	2.004.045	1.971.672	1.973.655
Afskriftir.....	218.163	227.862	240.912	437.125	443.922	494.196
	4.514.000	4.719.147	4.809.280	5.578.783	5.705.489	5.840.959
Niðurstaða án fjármagnsliða	139.936	158.882	434.563	630.703	547.449	841.851
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>						
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	97.641	29.414	18.726	97.641	29.620	19.063
Vaxtatekjur af kröfum á eigin fyrirtæki.....	0	25.409	22.501	0	0	( 0 )
Vaxtagjöld og verðbætur.....	( 302.741 )	( 234.667 )	( 274.129 )	( 368.227 )	( 355.109 )	( 409.172 )
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....	0	( 71.604 )	( 64.961 )	0	0	0
Gengismunur.....	0	0	0	0	0	0
	( 205.100 )	( 251.447 )	( 297.862 )	( 270.586 )	( 325.489 )	( 390.109 )
Rekstrarniðurstaða án framlaga	( 65.164 )	( 92.565 )	123.205	360.117	221.960	432.108
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga.....	0	0	0	40.376	0	0
Tekjuskattur.....	0	0	0	( 22.276 )	0	0
Rekstrarniðurstaða.....	( 65.164 )	( 92.565 )	123.205	378.217	221.960	432.108

## 1.7. Efnahagsreikningur samstæðu Fjarðabyggðar 2018

Efnahagsreikningur - eignir						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018
<b>Eignir</b>						
<b>Fastafjármunir:</b>						
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir:</b>						
Fasteignir .....	6.236.872	6.224.257	6.265.427	6.549.957	6.514.739	6.574.428
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur .....	443.831	488.042	490.799	4.245.701	4.683.776	4.984.385
Vélar, áhöld og tæki .....	90.189	133.760	129.652	122.472	168.301	161.016
Leigueignir .....	113.785	66.755	19.725	125.609	76.500	27.392
	6.884.677	6.912.815	6.905.603	11.043.739	11.443.317	11.747.220
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur:</b>						
Eignahlutir í félögum .....	498.420	498.420	498.420	563.120	527.181	527.181
Skatteign .....	0	0	0	33.676	33.676	33.676
Langtímakröfur .....	0	398.049	383.613	0	409.670	395.572
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	423.828	218.757	211.123	0	0	( 0 )
	922.248	1.115.226	1.093.156	596.796	970.527	956.428
Fastafjármunir samtals	7.806.925	8.028.040	7.998.759	11.640.535	12.413.844	12.703.649
<b>Veltufjármunir:</b>						
Birgðir.....	0	0	0	7.780	7.780	7.780
<b>Skammtímakröfur:</b>						
Ónnheimtar tekjur .....	244.443	244.443	244.443	244.443	244.443	244.443
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	74.454	96.364	150.592	0	0	0
Aðrar skammtímakröfur .....	151.428	151.428	151.428	341.740	341.740	341.740
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	0	14.436	14.436	11.416	14.436	14.436
Næsta árs afb. Langtímakr. á eigin fyrirtæki ...	26.629	16.592	13.978	0	0	0
Handbært fé.....	372.858	105.651	238.102	375.425	105.651	238.102
Veltufjármunir samtals	869.812	628.913	812.978	980.804	714.049	846.501
<b>Eignir samtals</b>	<b>8.676.736</b>	<b>8.656.954</b>	<b>8.811.737</b>	<b>12.621.338</b>	<b>13.127.893</b>	<b>13.550.150</b>
<b>Efnahagsreikningur - eigið fé og skuldir</b>						
<b>Eigið fé og skuldir</b>						
<b>Eiginfjárreikningar:</b>						
Eigið fé.....	278.830	186.265	309.469	3.724.610	3.910.631	4.342.739
Eigið fé samtals	278.830	186.265	309.469	3.724.610	3.910.631	4.342.739
<b>Skuldbindingar:</b>						
Lífeyrisskuldbindingar.....	2.070.918	2.166.264	2.265.820	2.223.740	2.322.296	2.425.623
	2.070.918	2.166.264	2.265.820	2.223.740	2.322.296	2.425.623
<b>Langtímaskuldir:</b>						
Skuldir við lánastofnanir.....	3.204.011	3.668.185	3.665.101	4.583.365	5.510.837	5.398.359
Leiguskuldir.....	146.654	78.142	57.903	167.594	90.682	61.897
	3.350.665	3.746.327	3.723.003	4.750.959	5.601.519	5.460.255
<b>Skammtímaskuldir:</b>						
Skuldir við lánastofnanir.....	190.000	0	0	650.000	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	1.709.553	1.472.850	1.408.152	0	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	292.532	307.512	326.922	430.327	457.977	485.177
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	28.374	21.871	22.505	36.762	30.529	31.415
Aðrar skammtímaskuldir.....	755.864	755.864	755.864	804.940	804.940	804.940
	2.976.323	2.558.098	2.513.443	1.922.029	1.293.446	1.321.532
Skuldir og skuldbindingar samtals	8.397.906	8.470.689	8.502.267	8.896.728	9.217.261	9.207.410
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>8.676.736</b>	<b>8.656.953</b>	<b>8.811.737</b>	<b>12.621.338</b>	<b>13.127.892</b>	<b>13.550.149</b>



## 1.8. Sjóðstreymisýfirlit samstæðu Fjarðabyggðar 2018

Sjóðstreymisýfirlit						
	A hluti			A og B hluti		
	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018	Rauntölur 2016	Útkomuspá 2017	Áætlun 2018
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>						
Niðurstaða ársins.....	( 65.162 )	( 92.565 )	123.205	378.221	221.960	432.108
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:						
Reiknaðar afskriftir .....	218.163	227.862	240.912	437.124	443.922	494.196
Verðbætur og gengismunur .....	1.515	51.521	87.506	30.974	87.040	146.710
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna .....	4.147	0	0	( 12 )	( 4.000 )	( 4.000 )
Breyting á lífeyrisskuldbindingum .....	324.805	165.346	174.456	358.582	176.796	186.479
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	483.468	352.164	626.079	1.172.828	925.719	1.255.492
Breytingar á skammtímalíðum:						
Birgðir, lækkun (hækkun) .....	0	0	0	1.590	0	0
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun) .....	( 21.051 )	0	0	( 21.051 )	0	0
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun) .....	34.479	0	0	60.923	0	0
Skammtímaskuldir, lækkun (hækkun) .....	115.839	0	0	128.755	0	0
Afborganir lífeyrisskuldbindinga .....	( 63.969 )	( 70.000 )	( 74.900 )	( 72.699 )	( 78.240 )	( 83.152 )
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	65.298	( 70.000 )	( 74.900 )	97.518	( 78.240 )	( 83.152 )
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	548.766	282.164	551.179	1.270.346	847.479	1.172.340
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>						
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	( 543.472 )	( 256.000 )	( 233.700 )	( 928.445 )	( 846.500 )	( 801.100 )
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	12.495	0	0	20.315	7.000	7.000
Langtímakröfur, breyting.....	0	( 412.485 )	14.436	11.416	( 412.485 )	14.436
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	33.710	221.243	16.833	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	( 497.267 )	( 447.242 )	( 202.431 )	( 896.346 )	( 1.251.985 )	( 779.664 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>						
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	505.439	( 258.613 )	( 118.925 )	0	( 0 )	0
Tekin ný langtímalán.....	11.609	720.204	240.000	11.609	1.323.204	240.000
Afborganir langtímalána.....	( 973.731 )	( 373.721 )	( 337.371 )	( 1.250.595 )	( 538.472 )	( 500.225 )
Skammtímalán, breyting.....	190.000	( 190.000 )	0	650.000	( 650.000 )	0
Fjármögnunarhreyfingar	( 266.683 )	( 102.129 )	( 216.296 )	( 588.986 )	134.732	( 260.225 )
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....	( 215.184 )	( 267.207 )	132.452	( 214.986 )	( 269.775 )	132.452
Handbært fé (fjárþörf) í ársbyrjun .....	588.042	372.858	105.651	590.411	375.425	105.651
Handbært fé (fjárþörf) í árslok .....	372.858	105.651	238.102	375.425	105.650	238.102

## 1.9. Málaflokkayfirlit samstæðu Fjarðabyggðar 2018

Málaflokkayfirlit											
Árið 2018											
	Skatt- tekjur	Framlög jöfnunar- sjóðs	Aðrar tekjur	Tekjur samtals	Laun og launatengd gjöld	Annar rekstrar- kostnaður	Afskriftir	Gjöld samtals	Fjármagns- liðir nettó	Framlög hlutdeildir og aðrir liðir	Rekstrar- niðurstaða
<b>Aðalsjóður</b>											
00 - Skatttekjur.....	3.698.756	863.447	0	4.562.203	0	320		320			4.561.883
02 - Félagsþjónusta.....	0	0	36.528	36.528	236.023	233.785		469.808			( 433.280 )
03 - Heilbrigðismál.....	0	0	0	0	0	17.858		17.858			( 17.858 )
04 - Fræðslu- og uppeldismál.....	0	0	247.341	247.341	1.756.075	907.054		2.663.129			( 2.415.788 )
05 - Menningarmál.....	0	0	55.010	55.010	67.660	208.555		276.215			( 221.205 )
06 - Æskulýðs- og íþróttamál.....	0	0	107.310	107.310	215.451	589.770		805.221			( 697.911 )
07 - Brunamál og almannavarnir.....	0	0	145.825	145.825	223.039	97.781		320.820			( 174.995 )
08 - Hreinlætismál.....	0	0	20.699	20.699	0	29.832		29.832			( 9.133 )
09 - Skipulags- og byggingamál.....	0	0	44.428	44.428	68.353	35.585		103.938			( 59.510 )
10 - Umferðar- og samgöngumál.....	0	0	84.233	84.233	40.345	262.763		303.108			( 218.875 )
11- Umhverfismál.....	0	0	20.189	20.189	73.825	70.955		144.780			( 124.591 )
13 - Atvinnumál.....	0	0	12.088	12.088	591	76.451		77.042			( 64.954 )
21 - Sameiginlegur kostnaður.....	0	0	149.645	149.645	231.344	159.383		390.727			( 241.082 )
22 - Lífeyrisskuldbindingar.....	0	0	0	0	195.538	0		195.538			( 195.538 )
28 - Fjármagnsliðir.....	0	0	0	0	0	0		0	19.517		19.517
Aðalsjóður	3.698.756	863.447	923.296	5.485.499	3.108.244	2.690.092	0	5.798.336	19.517	0	( 293.320 )
<b>Aðrir sjóðir í A - hluta</b>											
Eignasjóður.....	0	0	1.142.569	1.142.569	318	328.459	185.921	514.698	( 299.027 )	0	328.844
Eignarhaldsfélagið Hraun ehf.....	0	0	226.137	226.137	0	65.251	54.991	120.242	( 18.214 )	0	87.681
Millifærslur A-hluta.....	( 97.209 )		(1.510.333 )	(1.607.542 )	0	( 1.607.542 )		(1.607.542 )	0	0	0
A - hluti samtals	3.601.547	863.447	781.669	5.246.663	3.108.562	1.476.260	240.912	4.825.734	( 297.724 )	0	123.205
<b>Sjóðir í B - hluta</b>											
Rafveita.....	0	0	289.796	289.796	16.194	235.191	10.656	262.041	1.076	0	28.831
Hitaveita.....	0	0	157.425	157.425	13.295	70.790	19.889	103.974	( 27.395 )	0	26.056
Vatnsveita.....	0	0	194.826	194.826	20.426	68.049	29.339	117.814	( 41.450 )	0	35.563
Fráveita.....	0	0	149.086	149.086	17.127	47.089	15.865	80.081	( 30.911 )	0	38.094
Hafnarsjóður.....	0	0	823.426	823.426	209.915	306.543	162.679	679.137	48.470	0	192.759
Félagslegar íbúðir.....	0	0	78.612	78.612	0	84.939	14.221	99.160	( 36.263 )	38.000	( 18.811 )
Sorpstöð.....	0	0	117.140	117.140	10.043	94.138	635	104.816	( 5.913 )	0	6.411
Millifærslur AB-hluta.....	( 14.428 )		( 356.916 )	( 371.344 )	0	( 409.344 )		( 409.344 )	0	0	38.000
A og B hluti samtals	3.587.119	863.447	2.235.064	6.685.630	3.395.562	1.973.655	494.196	5.863.413	( 390.109 )	38.000	470.108

